

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla Tjarnarbraut 8. október 2025 klukkan 16:00-17:00

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Þormóður Logi Björnsson aðstoðarskólastjóri, Margrét Ósk Heimisdóttir og Ragnhildur Birna Hauksdóttir fulltrúar kennara. Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsfólks. Borghildur Ýr Þórðardóttir fulltrúi foreldra og Eybjörg Helga Daníelsdóttir fulltrúi foreldra forfallaðist. Daði Þorkelsson fulltrúi grenndarsamfélagsins forfallaðist. Bergur Leó Sigþórsson fulltrúi nemenda forfallaðist og Andri Guðjón Einarsson fulltrúar nemenda.

Dagskrá:

1. Kynning fulltrúa
2. Starfsáætlun Akurskóla 2025-2026
3. Upphaf skólastarfs
4. Fjórheimar í Akurskóla
5. Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1.mál Kynning fulltrúa.

Allir fundarmenn kynntu sig.

2.mál Farið yfir starfsáætlun Akurskóla 2025-2026

Skólaráð Akurskóla hefur farið yfir starfsáætlun Akurskóla. Samþykkt án athugasemdar.

3.mál Upphaf skólastarfs

Skólastjóri fór yfir upphaf skólaársins.

4.mál Fjórheimar í Akurskóla

Skólastjóri sagði frá starfi Fjórheima í Akurskóla.

5.mál Önnur mál

a) Rætt um aðalfund foreldrafélagsins, skólastjóri upplýsti um að það verði stjórnarfundur í kvöld og vonandi aðalfundur fljótlega.

b) Rætt um hvort það hafi verið til skoðunar að nota chromebook í stað ipada. Við höfum skoðað það og það hentar ekki eins og staðan er núna. Við erum að fylgjast með og þetta gæti breyst. Við t.d. erum að skoða hvort sambærilegt frá microsoft gæti verið lausn.

c) Símanotkun í 8. – 10. bekk. Af hverju er þetta ekki bannað á ganginum? Við erum að bíða og sjá hvað kemur frá menntamálaráðherra. Sumir foreldrar vilja þetta. Aðrir ekki. Þetta er flókið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16.26.

Fundargerð þessa ritaði Þormóður Logi Björnsson, aðstoðarskólastjóri Akurskóla